

Alþingi
Erindi nr. P 139/606
komudagur 2.12.2010

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember, 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti (tilboðsskylda), 218. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar víðskiptanefndar Alþingis dagsett 25. nóvember 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti (tilboðsskylda), 218. mál.

Félag atvinnurekenda telur það mikið áhyggjuefni að fyrirtækjum sem skráð eru í kauphöll á Íslandi fari fækkandi. Félagið telur að nauðsynlegt sé að bregðast við þessum flóttu m.a. með því að búa til lagalega umgjörð sem íþyngir ekki skráðum félögum umfram það sem nauðsynlegt er. Umrætt frumvarp er að mati félagsins liður í því starfi. Félag atvinnurekenda gerir ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Í framhaldinu telur Félag atvinnurekenda rétt að hugað verði að frekari endurbótum á umræddri löggjöf með það fyrir sjónum að gera skráningu meðalstórra fyrirtækja á Íslandi á skipulegan verðbréfamarkað að raunhæfum valkosti. Slíkt er ekki aðeins vel til þess fallið að afla slíkum fyrirtækjum fjármagn heldur gæti slíkur markaður einnig verið kjörinn vettvangur til að losa fyrirtæki úr eigu skilaneftnda með opnum og gagnsæjum hætti. Ljóst er að hefðbundin skráning í Kauphöll er ekki valkostur fyrir slík fyrirtæki þar sem kröfur um skráningu eru of íþyngjandi, sérstaklega í ljósi þess að þörf er á endurskipulagningu fjárhags hjá mörgum þeirra.

Vert er hins vegar að benda á að leiða má að því líkur að krafa 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins um að eigandi hlutafjár *auki ekki við hlut sinn* kann að vera óhóflega íþyngjandi miðað við þau markmið sem liggja að baki. Þarna kann að vera hentugra að almennar viðmiðanir um ákveðin prósentu vikmörk verði láttin gilda.

II. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.
Yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda

FÉLAG  ATVINNUREKENDA